

Starfsáætlun fræðslunefndar vegnar ársins 2016

Í upphafi síðasta skólaárs voru skráðir 509 nemendur í 3 grunnskólum á Fljótsdalshéraði, þar með talin þau börn sem stunduðu sitt nám í Hallormstaðadeild Egilsstaðaskóla, 225 nemendur voru í 3 leikskólum og fjöldi nemanda í tónlistaskólunum 3 var 238. Nemendafjöldi í upphafi núverandi skólaárs er svipaður, fækkun hefur orðið í grunnskólanum um 8, leikskólabörnin eru nú 220 og í tónlistaskólunum fjölgaði nemendum um 24 en eins og áður eru nemendur tónlistarskólanna í mismiklu námi.

Í fjárhagsáætlun 2016 er gert ráð fyrir því að rekstrarniðurstaða málaflokksins verði um 1.556 milljónir sem er um 4% hækkun miðað við samþykka áætlun 2015. Þar vegur þyngst hækkun launa. Í áætlun 2016 tengist tæplega 61% kostnaðar beint starfsemi grunnskóla, 22,5% tengist með beinum hætti starfsemi leikskóla og 16,5% er annar rekstur svo sem tónlistaskólar. Kostnaðarskipting málaflokksins er nokkurn vegin í samræmi við meðaltal allra sveitarfélaga á Íslandi.

Samhliða þeirri áætlun sem sett er fram hér langar mig að fara yfir þá punkta sem fræðslunefnd setti fram í síðustu áætlun og greina frá stöðu þeirra mála.

Frágangur á málum tengdum Hallormsstaðaskóla var lokið og var unnið að því að koma búnaði og kennslugögnum til þeirra stofnana sem starfa í sveitarfélaginu. Einnig var unnið við skráningu og útfyllingu gátlista um verksvið fræðslunefndar sem gefin var út af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga en tekin var fyrir grunnskólahluti þeirrar yfirferðar. Stefnt er að því að klára leikskólahlutann á árinu 2016.

Umræður og undirbúningur vegna endurskoðunar menntastefnu sveitarfélagsins er í gangi en nefndin hefur ákveðið að hefja þá vegferð formlega með opnum skólamálafundum í haust þar sem umræðuhópar munu taka fyrir hin ýmsu mál er tengjast stefnumálum í menntun. Umræða um skipulag og endanlegt fyrirkomulag ferlisins verður rætt núna í maí mánuði með áheyrnafulltrúum allra skólastiga.

Setja þarf fram raunhæfa og einfalda stefnu sveitarfélagsins í menntamálum þar sem markvissur stuðningur í framkvæmd er til staðar og hlutverk hinna ýmsu aðila í samfélaginu vel skilgreind.

Í framhaldi af undirskrift allra skólastofnana um bættan námsárangur í læsi og stærðfræði á Austurlandi telur fræðslunefnd að mikilvægt sé að setja sameiginlega læsisstefnu sem byggir á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram í hverri og einnig stofnun.

Mál sem við settum fram í fyrra en þarf að vinna að betur núna er vinnsla og frágangur gagna í skólastofnunum sveitarfélagsins en boðað var til námskeiðs í þessum málum þar sem fulltrúar stofnana sóttu en þörf er á áætlun í hvernig skuli haga þessu málum frá stofnunum.

Úttektar skýrsla sem unnin var af miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri hefur komið þó nokkuð til umfjöllunar hjá nefndinni. Meðal þess sem hefur lokið og tengist umræðu punktum skýrslunnar er staða tölvumála hjá stofnunum en skýrsla um þau mál var lögð fyrir nefndina til frekari skoðunar. Einnig hefur verið lokið endurskoðun á starfslýsingu fræðslufulltrúa sem kynnt var nefndinni. Umræður með starfsfólki tónlistarskólanna og frekari skoðun á þeim tillögum sem settar

voru fram í skýrslunni hafa einnig verið metnar. Orðið lærdómssamfélag hefur einnig verið til umfjöllunar og hvað það er sem skapar lærdómssamfélagið, fengnar voru kynningar og reynt að stuðla að samræðum á þessum vettfangi á meðal allra skólastiganna og einnig milli stofnana.

Frekari umræðu um skýrsluna mun verða haldið áfram á þessu ári og þá skoðun á þeim málum og tillögum er tengjast grunnskólastiginu.

Að lokum stendur núna yfir vinna er tengist útboði skólaaksturs í sveitarfélaginu og mun þeirra vinnu ljúka núna á næstu mánuðum þannig að frá og með næsta skólaári hafi allir samningar verið kláraðir.